

Reykjagarður hf.
Magnús Huldar Inghórssón
Fosshálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík 13. júní 2019
UST201901-217/gf
08.12.02

Varðar vettvangsheimsókn í eftirlit 2019 – alifuglabú Reykjagarðs hf. að Ásmundarstöðum í Ásahreppi

Þann 14. maí sl. fór fram eftirlit í alifuglabúi Reykjagarðs hf. að Ásmundarstöðum í Ásahreppi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Bent var á yfirvofandi BAT kröfur sem farið verður að framfylgja á árinu 2021. Eitt frávik fannst í eftirlitinu.

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald, sbr. ákvæði í kafla VII, 34. greinar laga nr. 7/1998 um hollustuhættu og mengunarvarnir. Krafan nær til rekstraraðila með eldi alifugla með fleiri en 40.000 stæði. Skiladagur græns bókhalds er 1. maí ár hvert.

Rekstraraðili hefur skrifað stofnuninni bréf þar sem beðist er velvirðingar á tögum á skilum á grænu bókhaldi. Hefur samið við fyrirtækið Klappir-Grænar lausnir hf. um hugbúnað til þess að auðvelda vinnu við gerð græns bókhalds. Rekstraraðili bað um frest til 1. ágúst nk. til þess að skila umræddum gögnum.

Umhverfisstofnun hefur í tölvupósti samþykkt að veita umræddan frest.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsson
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Reykjagarður Ásmundarstöðum



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	14.5.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Reykjagarður	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Ásmundarstaðir	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6509032180	Flokkur	Þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Huldar Ingbórsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Hilmarsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum fannst við eftirlit. Ein ábending var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Reykjagarði h.f. að Ásmundarstöðum í Ásahreppi. Magnús Huldar Ingbórsson og Jóhanna Hilmarsdóttir voru fulltrúar rekstraraðila og Sigríður Magnúsdóttir og Gottskálk Friðgeirsson eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili er með starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlandssvæðis, 23. september 2010 og gildir til 2023.

Starfsleyfið tekur til reksturs alifuglabús fyrir kjúklingaeldi. Með alifuglaeldi er átt við bú þar sem hænsnfuglar eru aldir til framleiðslu á kjöti eða eggjum til manneldis. Á búinu eru varphænur af gerðinni ROSS 308 í stofnhúsum og kjúklingar Reykjagarðs eru af þeirri gerð.

Dagskrá:

Fundur

1. Velferð alifugla sbr. reglugerð nr. 135/2015
2. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
3. Kröfur í starfsleyfi (HES)
4. Umhverfismarkmið
5. Mengunaróhöpp og tilkynningar til Umhverfisstofnunar
6. Salmonella- sýkingar og viðbrögð við þeim
7. Önnur mál

Skoðun í fyrirtækinu

1. Velferð alifugla sbr. reglugerð nr. 135/2015

Fulltrúi MAST setti sig í samband við eftirlitsmann og vildi koma því á framfæri að velferð alifugla heyrði undir MAST og eftirlit með ákvæðum reglugerðar nr. 135/2015 væri á höndum starfsmanna Matvælastofnunarinnar. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við það en skoðaði umbúnað við varaafsstöðvar og neyslugeyma sem tengjast þeim. Eins hreinsibúnað í útblæstri og ryk- og lyktarmál, svo og frárennsli frá búinu og meðhöndlun úrgangs.

2. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu

Með nýrri reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit er ekki lengur tilvísun í eftirlitsflokka mengandi starfsemi. Kerfisbundið mat á umhverfisáhættu skal ráða tíðni eftirlits. Farið var yfir hugmyndir um áhættumatið með rekstraraðila og hvað er lagt til grundvallar.

3. Kröfur í starfsleyfi og frávik frá fyrri eftirlitum.

Þrjú frávik frá fyrra ári eru enn opin. Tvö snúa að áætlunum sem rekstraraðila er skylt að hafa, þ.e. áætlun um meðhöndlun og flokkun úrgangs og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa. Báðar áætlunirnar hafa borist Umhverfisstofnun og hafa verið yfirfarnar. Frávikunum verður lokað þegar lokaútgáfa liggur fyrir.

Þriðja frávikinu snýr að olíugeymum félagsins. Vararafstöðvar ásamt húsaageymum eru við öll uppeldishús og stofnhús búsins. Umbúnaður var almennt góður en bent er á kröfur til geyma í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Árekstra- leka- og yfirfyllingavarnir verða

teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Farið var yfir kröfur til loftgæða, ryks og hreinsun útblásturslofts. Rekstraraðili skal gæta þess að ryk, hættulegar og daunillar lofttegundir valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Í samtali við fulltrúa rekstraraðila kom fram að þessir hlutir eru í lagi.

Frárennsli fer í rotþrær og siturlagnir. Rekstraraðili hefur verið í erfiðleikum með að losna við úrgang úr rotþróum. Seyran samanstendur mest af hæsnaskít, spænum, vatni og sápa frá þrifum á stofna- og eldishúsum. Leitað var til sveitastjórnar Ásahrepps sem áframsendi á HES og Umhverfisstofnun. Nú hefur **Kölkunarstöð fyrir seyru á Flúðum** samþykkt að taka við seyrunni og því virðist málið í höfn. Ekki eru því gerðar athugasemdir við fráveitumál búsins. Verktaki við tæmingu rotþróa er Holræsa- og stíflubjónusta Suðurlands ehf.

Lögð voru fram gögn sem sýna ráðstöfun úrgangs frá búinu. Úrgangur frá búinu er að mestum hluta fuglaskítur. Dýrahæ eru flokkuð í lokaða lekahelda gáma. Þvottaefni og sóttvarnaefni eru notuð s.s. „Biogel“ sem er efnablanda til sóthreinsunar sem inniheldur m.a. natríumhýdroxíð. Lítið magn spilliefna fellur til á búinu. Engin lyf eru notuð við eldið og því engir lyfjaafgangar.

Nokkuð fellur til af járnri, timbri og öðrum efnum frá viðhaldi húsa og eins seyra úr rotþróum.

Áætlun um meðhöndlun og flokkun úrgangs sbr. grein 3.9 í starfsleyfinu hefur borist og er nú í lokavinnslu hjá rekstraraðila. Vilji er til hjá rekstraraðila að endurnýta meira af skít til áburðar á tún hjá bændum í nágrenninu. Gámastöðin ehf. tekur á móti úrgangi frá búinu og ráðstafar til viðurkenndra móttökustaða.

Hljóðmengun og lyktarmengun eru ekki vandamál að sögn rekstraraðila.

Vel er haldið utan um skráningar á framleiðslu. Skýrsla um útstreymisbókhald vegna 2018 sem skila á fyrir 1. maí ár hvert hefur borist. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir gera kröfu til þauleldisbúa með 40.000 stæði eða fleiri að þau færi grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir búið að Ásmundastöðum hefur ekki borist og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Stofnunin hefur stofnað eftirfylgnimál vegna þessa.

4. Umhverfismarkmið

Afhentur var bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið og rætt um mikilvægi þess að starfsmenn séu upplýstir um umhverfismarkmið í fyrirtækinu. Að allir séu að róa samtaka og í sömu átt að því að ná markmiðunum.

5. Mengunaróhöpp og tilkynningar til Umhverfisstofnunar

Áhersluverkefni eftirlitsmanna í mengunarvarnaeftirliti þetta árið er að fara yfir og skýra hvernig standa skal að tilkynningum til stofnunarinnar vegna mengunaróhappa. Lögð var áhersla á að tilkynningar til stofnunarinnar skal senda á tölvupóstfangið ust@ust.is.

6. Salmonella- sýkingar og viðbrögð við þeim

Rekstraraðili hefur verið í vandræðum með ákveðið eldishús en þar hefur oft komið upp salmonellasýking. *Salmonella agona* hefur komið upp aftur og aftur í nýlegu húsi og þykir það til marks um að sýkingin er ekki að berast utan að, að alltaf er um sömu tegund að ræða. Rekstraraðili bendir á að víða erlendis sé salmonellasýktur kjúklingur soðinn og seldur til manneldis.

Samkvæmt skilgreiningu frá Matvælastofnun er sýktur fugl og úrgangur frá honum er skilgreindur í áhættuflokk 2 eins og einnig kemur fram í reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Rekstraraðili skal farga úrgangi úr húsi þar sem komið hefur upp salmonellasýking með því að þrýstisæfa úrganginn fyrir urðun eða brenna hann.

7. Önnur mál

Samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal endurskoða starfsleyfi þauleldisbúa m.t.t. til BAT-niðurstaðna innan fjögurra ára frá útgáfu BAT-niðurstaðna, sem er þá í tilviki þauleldisbúa fyrir febrúar 2021. Vakin var athygli rekstraraðila á að kynna sér kröfur sem finna má í skjölum um bestu aðgengilegu tækni.

Ekið var um búið með fulltrúa rekstraraðila. Snyrtilegt var um að litast. Ekki varð vart við meindýr eða ólykt frá búinu þegar eftirlitið fór fram.

Frávik frá

kröfum í lögum nr. 7/1998 um að rekstraraðili færi grænt bókhald.

Lýsing á frávik

Samkvæmt ákvæði í VII kafla, 34. grein laganna og viðauka I, starfsemi A, lið 6.6 þá skulu skulu rekstraraðilar með eldi alifugla með fleiri en 40.000 stæði fyrir alifugla færa grænt bókhald.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að kynna sér kröfur til þauleldisbúa í BAT niðurstöðum sem taka gildi í febrúar 2021.


ANNAÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið var afhentur í eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.06.2019



Gottskálk Friðgeirsson